

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, APRÍL, 1905.

NR. 4.

Vor.

KVEIDIÐ Á ÍSLANDI FYRIR NOKKRUM ÁRUM.

*Þ*or er komið!— Heyr þess hljóma boða
hríðarros og sólartóða
yfir velli, vötn og fjall og dal,
hlýjan andblæ yfir tún og haga,
enga nött— en langa, bjarta daga,
hauður leyst úr frosts og fanna val.—
Inn til heiða fannir styttast, fækka,
freyðir á og brýtur klakahlekk,
hlíðum gróðurgeirar stækka,—
grætur Hel í ösku' og sekk.

Er þá voras eins í hug þér, maður?
Er þar nokkur griðastaður
fyrir andans hlýju' og sumarsól?
Er þar nokkur afhlreinn straumur gefinn,
eða blær, sem rífur mauravefinn?
Er þar nokkrum nýjum gróðri skjól?—
Snemma moldu vorpin var mán gleði—
vor og sumar fóru' um auðan garð,—
lítt er eg með glöðu geði,—
gneipur vetur fyllir skarð.

VIÐAR.



Á-H-R-I-F

engilsaxnesku kyrkjunnar á hina norrænu.

BROT ÚR RITDÓMI EFTIR ÞORSTEIN ERLINGSSON.

[Það eru ekki mörg nátiðar rit, sem fræða oss íslendinga um uppruna kyrkjunnar íslenzku, eða gjöra neitt ljósari þá viðburði, er skeðu í lok 10. aldar á Norðurlöndum. Á íslenzku máli hefir sem næst ekkert verið um það skrifsað, og er það þó einhver þýðingarmesti kafli sögunnar. Að undanskilinni ritgjörð Dr. Björns Ólsens um kristnitökuna á Íslandi árið 1000, mun mega fullyrða, að ekkert sé til um það mál, nema ef telja skyldi rófu þá, sem hnýtt er aftan í Bibliusögur Tangs eða Balslevs fyrir „góðu börnin“ að lesa og læra. Á útlendum málum hefir þó margt verið ritað, er snertir þenna sérstaka kafla sögunnar, og er margt af því einkar skemintilegt og fróðlegt. Fæst af því mun þó fólkí vera kunnugt almennt, enda eru fáir, sem bjargast geta við útlenzk fræði.

Grein sú, sem hér fylgir, er brot úr löngum ritdómi um útlenzkar bækur, er góðskáldið og snillingurinn Þorsteinn Erlingsson samdi endur fyrir löngu, og kom sá ritdómur út í Tímariti Bókmennatafélagsins. Það er nokkurn veginn áreiðanlegt, að fáir hafa lesið þessa ritgjörð hér vestra, og enn fremur ekki ólöklegt, að þeir, er kunna að hafa lesið hana, muni nú farnir að gleyma henni.

Útdráttur þessi er yfirlit yfir bók eftir norskan höfund, A. Taranger, um áhrif engilsaxnesku kyrkjunnar á hina norrænu. — Fyrri hluti greinarinnar er um viðskifti Engla og Norðmanna á Víkingaöldinni, og sýnir fram á, hversu viðkynningin jókst allt af eftir því, sem farnar voru fleiri ferðirnar, og að lokum, hvern þátt Englar áttu í kristnitöku og síðaskiftum Norðmanna. Eftir að kristni er í lög tekin, álistur Taranger, að norræna kyrkjan hafi algjörlega verið sniðin eftir þeirri engilsaxnesku. En greinahöfundurinn sýnir fram á, að þeim skoðunum sé vísá mótmælt og það með rökum. En hitt ræður að líkum, að norræna kristnini hafi mikil sótt til hinnar ensku.

Hér vestra, þar sem vér íslendingar höfum jafn mikil mök

við Englendinga, er ekki ófróðlegt að vita, hversu því hefir verið háttáð til forna; enda er eitt hverjum manni ljóst, að forfedur vorir hafa verið óhræddari við útlenzk fræði, en vér erum sumir hverir nú. En svo var það nú öðru máli að gegna þi.— Þeir voru heiðnir, en — vér erum kristnir.

Grein þessi er einhver sú skemmtilegasta til aflestrar, sem vér höfum séð, eins og allt eftir þann mann. Þar kennir hinnar sömu skarpskyggni, glæðværðar og kaldhæðni sem í kvæðum hans. Hann segir frá, sem honum er lagið, án þess að þurfa að láta hafa fyrir sér svörin, og fylgir þeim lestrarreglum einbeittlega, er hann hefir sjálfur sett, að lesa „ekkert öfugt gegnum annara gler.“]. —

SKIPAN ENSKU KYRKJUNNAR.

Þess var fyr getið, að Englar hefðu tekið við kristninni bæði frá Róm og líka frá Keltum, nábúum sínum. Kyrkja Kelta var þá gömul orðin og hafði verið óháð páfa um langan aldur, og orðin ólik Rómakyrkjunnar í ýmsum greinum. Tíðagjörð öll var nokkuð önnur, og klerkar Skota og Íra gerðu sér ekki koll sem Rómaklerkar, og rökuðu að eins krúnuna um þvert höfuð aftur að eyrum, en verst var, að þá greindindi á um páskahald. Rómaklerkar héldu pánska næsta sunnudag eftir fullt páskatungl, en Keltar héldu þá fyllingardaginn sjálfan, ef hann bar upp á sunnudag. Þessi tvískinnungur á helgihaldinu varð til þess, að Oswin konungur í Berenicia, írsk-kristinn, sat að páskaveizlu með vinum sínum við hangiketstrog og ölteiti, meðan drottning hans, róm-kristin, sat með liði sínu í sorgarklæðum og inaulaði harðan fisk, og var ekki komin lengra á föstuna en fram að Pálma. Allir sáu að hér var komið í óvænt efni, og létt því Oswin konungur kalla saman hæstu pótentáta beggja flokkanna, hins írsku og rómversku, og eftir mikla vafninga komust þeir að þeirri niðurstöðu, að Columba, Íradýrðlingur, hetði reiknað skakkt, því hinn reikningurinn væri eftir sankti Pétur, og þá lýsti konungur yfir því, að hann ynni það ekki til vináttu Columbu eða neins annars, að hafa Pétur á móti sér, og verða svo að standa úti, þegar hann kæmi til himnaríkis, at því að Pétur vildi ekki ljúka upp. Hér bar því Rómakyrkjan hærra hlut og réð síðan miklu

hjá Englum. En Keltarnir sökuðu Columba ekki um þetta. Þeir fóru til klaustra sínna um Skotland og Írland og sátu við sinn keip. Frá þessu segir Beda og það ítarlega, svo hér er ekki verið að fara með hégóma.

Rómakyrkjan hafði nú unnið sigur, og því var flestu skipað hér að rómverskum síð. Klaustrin urðu aðalból kyrkjunnar, eins og í öllum kaþólskum löndum, og þar var saman komin, auk kristilegra fræða, mikill hluti þeirra vísinda, sem stunduð voru á þeim tínum. Þó var útlit rómversku kyrkjunnar hvergi nærrí hið sama á Englandi sem í öðrum kaþólskum löndum, og skildi það mest, að kyrkjan var á Englandi miklu þjóðlegrí en annarsstaðar, það er að skilja, að allur kennilyður var samrýmdari alþýðu en annarsstaðar var titt, og stjórn kyrkjunnar var sett að mestu á sama hátt og landstjórnin var, og fékk enska kyrkján við það sitt eigið snið.— Skal nú drepið á helztu atriði í kyrkjustjórninni og mest þau, er einkenna England.

BISKUPARNIR. Erkibiskupsstólarnir eru tveir, í Cantarburg og York, og skifting biskupsdæmanna varð að miklu hin sama og skifting smákyrkna, svo allt hélt sínu gamla sniði. Biskuparnir sátu ekki í bæjunum, eins og tittr var á meginlandinu, heldur á búgorðum sínum á landsbyggðinni, eins og konungurinn gerði í þá daga. Upphaflega tók kyrkjan þátt í biskupavali, en það varaði skammt, og síðan réð konungur því vali einn. Það var einkennilegt hjá Englum á kristniboðstínum, að biskupar voru ekki vígðir til stóla eða fastra biskupssetra, heldur kenndir við biskupsdæmi sitt (scir eða leod), sem svarar til LÝÐBISKUP á Norrænu. Á Englandi eru biskupar nærrí jafnmikið borgaralegir embættismenn sem andlegir. Þeir sitja í ráði konungs, og á þingum hafa þeir síðgæzlu, líta á skírslur manna og hlýða á eiða. Þeir eru erindsrekar konungs í öðrum löndum, og takaloks hjör í hönd, þegar víkingarnir erja verst á. Slikt var óhæfa eftir Rómareglum og eins, að biskup sæti í borgaralegum dómi, og bannadi páfi slíkt stranglega, en síðurinn var svo inngróinn Englum, að bannið hrein ekki á, og aðskilnaður andlegs dómsvalds og borgaralegs var óþekktur á Englandi, meðan Engilsaxar sátu þar að ríkjum. Löggjöf kyrkjunnar var lengi vel í höndum kyrkjubinga, en þau urðu síðar að borgaralegum ríkjajing-

um, þar sem ríki og kyrkja settu lög sín í félagi. Svo hafði aftur hver biskup þing í sínu umdæmi, til að fræða presta sína um nýmæli í lögum, skoða bækur þeirra og fleira. Þau þing voru haldin tvö á ári.

Biskupsdæmunum er skift í sóknir, TUNSCYPE, sem merkir þorp eða hverfi, og var gömul hreppaskifting, svo hér var heldur engin ný breyting við komu kristninnar. Kyrkjurnar höfðu í öndverðu reist munkar á klaustrum sínum og biskupar og kongar og önnur stórmenni á búum sínum; seinna byggðu sóknirnar sér kyrkjur og loks fjöldi einstakra manna. Þær eru allar gerðar úr timbri og eru hinar svokölluðu stafakyrkjur, sem kyrkja ein sýnir, sem enn stendur á Greenstead í Essex. Margir hafa ætlad, að hin fornu hof hafi verið gerð að kyrkjum lítt breytt, en til þess finnast engar líkur, en allt bendir til þess, að þau hafi verið brotin niður öll saman. Kyrkjum var skift í 4 flokka eftir valdi og virðingu: Dómkyrkjur, klausturkyrkjur, sóknarkyrkjur og kapellur einstakra manna. Biskupar höfðu miklar tekjur af stólsjörðum, og svo mikið land skyldi leggja til hvarrar kyrkju, að fæða mætti prest; auk þess þágu bæði kyrkjur og kennimenn stórgjafir.

Í öndverðu var enginn munur presta og munka eða réttara að segja: allir kennimenn voru munkar. Síðan voru þessar stéttir skildar að. Munkarnir gáfust kyrkjunum með sál og líkama, en klerkarnir voru kvongaðir borgarar í ríkinu og nutu þar þegnsréttar, sem var tvöfaldur réttur almúgamanns. Vígsbætur eftir prest voru þó eftir því, hvarrar ættar hann var; var þá gildi hans miðað við gildi föður hans eins og annara borgara.

Oft gerðu biskuparnir árásir á kvæntu prestana, því þeir sáu, að slíkir prestar drógu taum alþýðunnar, sem þeir voru tengdir, og létu oft eitt ganga yfir sig og hana móti kyrkjunni. Þegar mest þrengdi að, leituðu prestarnir liðsinnis konungs, og endirinn varð sá, að biskuparnir náðu ekki að skilja það að, sem guð hafði sam tengt, og svo var alla tíð, meðan Engilsaxar réðu landi. Á síðari hluta víkinga-aldarinnar gætir klerkavaldsins nær að engu, þá er allt í konungshendi, því ríkið berst fyrir lífi sínu, og urðu allir að leggjast á eitt undir forustu konungs.

Þó Norðmenn vestan hafs yrðu ekki alkristnir fyr en á síð-

ari hluta 10. aldar, þá sést þó, að margir hafa látið skírast og margir vígjast til kyrkjupjónustu, þegar um miðja öldina. Árið 942 er Odo, danskur að att, erkibiskup í Kantaraborg og Oskeytel litlu síðar erkibiskup í York. Báðir þessir menn og Oswald frændi þeirra virðast hafa verið ágætismenn allir, strangir einlifismenn og kyrkjunni hinir þörfstu.

Meðan þessu fer fram þar vestra sjást í Noregi ýms merki viðskiftanna við Vesturlöndin. Víkingarnir sáu meiri iðnað og betri akuryrkju, en var í Noregi, og auka svo hvortveggja hjá sér, þegar þeir setjast að heima. Ýmsar nýjar hugmyndir bæði um guði og annað fá þeir á Englandi, þar sem þeir skildu mál-ið, og skraut á sverðum og búshlutum, sem frá þeim tíma finnast í jörð, er gert eftir írskri fyrirmynnd, og þó brugðið af í ýmsu. Á Írlandi verða þeir að nema með augunum, því málið lærist þar seint og ógreitt. Svo miklu hefir þessi viðkynning áorkað, að Norðmenn voru að mörgu leyti furðu vel undir kristnina búnir, þegar hún kom.

KRISTNIBODIÐ.

Frá kristniboðinu í Noregi er svo vel sagt í sögum okkar, ekki síst Heimskringlu, að eg veit menn fyrirgefa, þó eg fari ekki að reyna að bæta mig á því, einkum þegar annálar Engla leiðréttu þar ekki nema smáatriði alveg óveruleg. Eg fer því fljótt yfir hér og stikla að eins á stærstu atriðnum. Hákon Aðalsteinsfóstri (hinn góði) hóf fyrstur kristniboð í Noregi um miðbik 10. aldar. Hann reisti nokkrar kyrkjur, en bændur brenndu þær og ógu prestana, og lauk þar því kristniboði; því Hákon var svo síðaður maður og svo vel kristinn, að hann vildi hvorki beita nauðung né illvirkjum. Gunnhildarsynir, sem á eftir koma, ganga bezt fram í því, að ræna hof og hörga. Kristninni verða þeir lítt að liði, og hver prestavinur Hákon Hlaðajarl var, vitum við allir. Þá kemur Ólafur Tryggvason til Noregs árið 995.— Annálar enskir segja hann skírðan í Andover á Suður-Englandi, og fræðimönnum kemur ekki saman um, hvort það muni réttar en að hann væri skírður á Scilly-eyjunum (Syllingum) útsuður af Englandi, eins og sögur okkar segja. Eins segja annálar það með berum orðum, að aldrei hafi komið vestur um haf blóðugri

víkingar og herjað með meira grimmdaræði en þeir Ólafur Tryggvason og Sveinn Tjúguskegg. Þegar Ólafur fellur við Svoldur árið 1000 hefir hann kristnað Noreg víða með ströndum fram og reist þrjár höfuðkyrkjur í Mestur, Selju og Niðarosi. — En það skiftir oss mestu, að þá er trúin með hans adbeiningu lögleidd á Íslandi. Eiríkur jarl Hákonarson, sem mestu ræður í Noregi eftir fall Ólafs, lætur hvern mann halda sinni trú í friði, því þó hann hafi þar í landi mestan styrk heiðinna manna, þá er hann svo ágætur maður og svo réttlátur, að hann hallar í engu hlut kristninnar, þó hún væri ung og minni máltaður. En þó Eiríkur lofaði kristninni að fara allra sinna ferða, þá sýnist svo, sem kristnibóð Ólafs hafi orðið til lítils, eins og nauðungarskrín hættir oft við, því höf segir, að við komu Ólafs Haraldsonar digra eða helga (1015) hafi þau ein merki kristninnar verið í löggjöf landsins, að Hákon góði hafi fært jólín frá miðsvetrarnótt, sem áður var, og til þess tíma, sem nú eru þau á. Þó voru þau miðsvetrarhátið sem áður, en ekki minningrrhátt fæðingar Kr. Kristnibóð Noregs er því næst að öllu leyti verk Ólafs helga nema kringum þessar þrjár höfuðkyrkjur og á nokkrum stöðum öðrum með fram ströndinni. Það var þó mest vert, að hann kom lögbundinni skipan á kyrkjuna um allt land, því öllum ber saman um, að hann hafi sett þar kristnrétt með beztu manna ráði, og lögin fornu vitna oft í sáttmála þá milli kyrkju og borgara, sem Ólafur helgi og Grímkell biskup settu á Mostrarpíngi. Innihald þeirra laga og hvað víðtæk þau hafi verið, er nú vant að greina.

Allir þessir þrír konungar, Hákon og Ólafarnir, höfðu kristni sína frá Englandi, því Ólafur helgi var við hirð Englakonungs öðru hverju á árunum 1009—1014, og kynnti sér þar kyrkjuskidan og kristnrétt, og má sjá á norsku kyrkjunnini glögg merki þess, að hann hefir varið tímanum vel. Allir þessir menn fóru frá Englandi til Noregs og klærkar þeir, sem þeir flytja með sér eða gera orð eftir síðar, eru því flestir enskir, eins og að líkendum lætur, enda vitum vér deili á þeim mörgum. Sögurnar segja með berum orðum, að Hákon sendi klærkum til Englands, þegar hann ætlaði að hefja kristnibóðið. Kennimenn og trúboðar Ólafs Tryggvasonar eru líka flestir enskir. Frægastur þeirra er Sigurður biskup, sem sagt er, að vígði kjaltróð í Orminum

langa, og höf. færir rök til, samkvæmt sögum vorum, að hann sé sami maður og Sigfriður Svíapostuli, þó ýmsir hafi rengt það áður, og er Maurer honum saindóma í því. Nafnið sýnir, að hann er Engilsaxneskur eða kannske norrænn. Annar er Pangbrandur, sem oss er góðkunnugur Íslendingum. Hann kallar höf. Theoðbrand eftir Þjóðreki munk og ættaðan af Flandri, en Maurer heldur að óhætt sé að trúá Íslendingum til þess, að hann væri þýzkur, og hann álítur réttast að lofa honum að heita Pangbrandi framvegis, fyrst allir hafi verið ásáttir um það fram að 1892 nema Þjóðrekur munkur. Þriðji er Þormóður, sem fylgir þeim Gissuri og Hjalta til Íslands. Höf. kallar hann blátt áfram enskan prest og lætur hann vera lífið og sálina í öllu því, sem þeir Gissur hafast að á alþingi árið 1000, og yfir orðum þeirra og athöfnum þar hvíla anda og kraft hinna ágætu ensku biskupa Oswalds og Aelfsheahs, en sá er hængur á því, að Maurer telur engan fót fyrir því, að Þormóður sé enskur, svo höf. getur kann ske orðið leit úr anda þeirra Osvalds.

Klerka, sem koma með Ólafi helga, segir höf. alla enska eða ensk-norska. Þeirra frægastur er Grímkell, sem fyr var getið, og tveir af þeim, Bernharð (Bjarðvarður bókvísi) og Rutdolf (Hróðólfur), komu báðir til Íslands (sjá Ísl. bók 8. kap.). Enn nefna sögurnar Sigurð biskup með Ólafi. Höf. álítur eins og Maurer, að Bjarnvarður hafi borið þá áskorun frá Ólafi til Skafta og annara höfðingja á Íslandi, sem varð til þess, að af var tekið hrossakjötsát og útburður barna, sem undan var skilið í lögum árið 1000, og hefir það nýmæli þá verið lögtekið á árunum 1016—21. Eins og sjá má er megin allra kristnibóðanna Engilsaxar bæði í Noregi og á Íslandi eða kannske af norskum ættum á Englandi, og fyrst á dögum Magnúsar góða er getið þýskra kennimanna í Noregi, en þó nafngreindur að eins Bjarnvarður saxneski, sem lengst var á Íslandi.

Það sést þannig ljóslega af sögum, að sambandið milli hinnar norsku og ensku kyrkjju hefir verið hið nánasta, og eitt dæmi þess er það meðal annars, að helgi Ólafs kemur fyr til Englands og verður ríkari þar en annarsstaðar, og höf. nefnir 3 kyrkjur, sem Ólafi voru helgaðar þar. Af öllu þessu mátti ganga að því vísu, að hinni norsku kyrkju mundi svipa mjög til hinnar ensku,

enda er þar meira en svipurinn einn, því að ýmsum smámunum fránumdum má hún heita lifandi eftirmund.

Nú ber höf. alla stjórn norsku kyrkjunnar og löggjöf hennar saman við ensku kyrjuna og því næst alla kyrkjusíðu, og skal eg drepa á helztu líkingarnar. En aðalsamræmið milli ensku og norsku kyrknanna er þó málid; það grípur hvervetna inn bæði í stjórn og helgisiðum, því öllum þessum nýju mönnum og nýju athöfnum varð að gefa einhver nöfn, og einhvern veginn urðu hvorir að gera sig öðrum skiljanlega við trúarboðið. Þetta álítur höf. að hafi verið vandræðalaust, því Engilsaxneska og Norræna hafi þá verið svo líkar, að nokkurn veginn skildist, og það því heldur sem flestir kristniboðarnir muni hafa verið frá Norðymbralandi og þar hafi tungurnar verið orðnar enn þá nánari sakir norskra áhrifa. Sem dæmi set eg hér Faðirvor á þremur málunum, en ekki get eg að því gert, þó lesendum mínum þyki ekki tungurnar jafn líkar sem höfundinum.

FORNÍSLENZKA (eftir gamalli guðsorðabók);

Faþer vár, es ert á himnom, helgesc nafn þitt, tilkome ríke þitt, verþe vile þinn svá sem á himne oc á jorþo; brauþ várt hversdaglect gef þú oss í dag, fyrgef þú oss sculder órar, svásem oc vér fyrgefom sculderum órum, oc eige leiþ þú oss í freistne, heldr leys þú oss frá illo.

NORDYMBRISKA:

Fader urer, þu arð in heofnum, sie ðin noma gehalgod; to-cyme ðin rík; sie ðin willo, suæ is in heofne and in eorðo; usenne oferwistlic hlaf sel ús todæg and forgef us usra scylða, suæ and we forgefona usum scyldgum, and ne inlæd usih in costnunge, ah gefrig usich from yfle.

ENGILSAXNESKA:

Du ure fæder, þe eart on heofenum, sy ðin nama gehalgod; gecume þin ricke; sy ðin willa swa swa on heofenum swa euc on eorðan; syle us to-dæg urne dæghwomlican hlaf, and forgif ús ure gyltas swa swa we forgyfað þam þe wið ús agyltað, and ne lænd þu na ús on cosnunge, ac alys ús fram yfele. Sy hit swa.—

Lög og stjórn norsku kyrkjunnar, kristinréttur Ólafs helga og Grímkels biskups er bezt geymdur í elzta formi Borgarpings- og Gulaþingsлага, og ber þar nær öllu saman við lög Engla;—

kristinnréttur stendur fyrstur í lögbókum beggja og efni greinanna líkt. Hjá öðrum en Englum og Norðmönnum er kristinrétti dreift innan um öll lögin (þó ekki hjá Ali-mönnum). Að sönnu greinir Ari frá því, að líkt hafi verið upphaf Úlfhljótsлага, en höf. Þykir sú byrjun ekki mjög göfug, og sýnir fram á, að norsku lögin sé því nær grein fyrir grein eins og lög Aðalráðs konungs, sem hann setti um það bil sem Ólafur helgi var fyrir vestan haf, og öll kyrkjastjórn verður því eðlilega nær hin sama.

Biskupar eru fyrst vígðir í Noregi til héraða og fara því yfir meir eða minna óákveðin svæði. Pessir farandbiskupar eru í Noregi til þess fyrst biskupsdæmi eru sett 1070. Fyrirmund slíks biskups er leodbisceop Englands, sem varð lýðbiskup á Norrænu. Það nafn er tekið beina leið úr Engilsaxnesku, eins og flest af því, sem kyrkjunni viðkemur. Biskup er á Engilsaxnesku biscoop eða bisceop, og samsetningar allar úr Es. bisceopdom (-dæmi), bisceopsłol (-stóll) og eins ærkebisceop, arcesłol o. s. frv. Konungur valdi biskup á Englandi. Þetta var eins í Noregi allt til þess kórsbræður fóru að velja þá og erkistóll er settur í Niðarósi 1152. Á Íslandi valdi alþingi biskupa.

Löggjöf kyrknanna er í höndum lögþinganna í Noregi og alþingis á Íslandi, en á báðum stöðunum taka biskupar þátt í henni, og eiga á Íslandi sæti í lögréttu og á Englandi í ráði konunga. Það skilur helzt, að í Noregi eiga klérkar sérstakar ráðstefnur við hlið lögþinga, en á Englandi eru bæði runnin saman. Biskup hafði á Englandi eoldormansrétt, það er sama og jarlsréttur, sém Noregs biskupar höfðu, og earlsréttur erkibiskupa Engla er sama og hertogaréttur erkibiskups Norðmanna. Drög þykist höf. finna til þess, að kyrkjueigendur á Englandi hafi ráðið presti til kyrkna sinna, eins og var í Noregi og á Íslandi áður en páfalög þraungdu þeim rétti. [Er svo að sjá sem prestar í Noregi hafi átt nokkuð harða húsbændur þar sein biskuparnir voru, því það varð að banna þeim með lögum að hýða prestana] –Aður tíund komst á, eru tekjur biskups í Noregi þessar: Kauplaus flutningur á yfirreiðum, sakeyrir, reiða (eins konar nefskattur, leifar af hofskattinum gamla) og vígslukaup presti og kyrkna. Störf biskups voru hin sömu í allri kristninni: að vígja presti, kyrkjur, kyrkjugarða, smurningarolíu (krisma) og hin helgu ker-

(kaleika og patínur), ferma börn manna (það gerðu prestar ekki í þá daga), skrifta þeim sem báðu og leysa þá. Fermingin eða staðfestingin kallast biskupan á Norrænu og Engilsaxnesku en ekki annarsstaðar. Staða ensku og norsku biskupanna er að flestu hin sama, nema hvað tekjurnar eru minni í Noregi og öðruvísi tilkomnar.

KYRKJA, KYRKJUSÓKN. Öll orð sem hér að lúta eru úr Es. cyrke, circe, líka stafað kirke. Legstaður, Es. legerstow. Kyrkjusókn, Es. circe-socn merkir upprunalega aðsóknina sjálfa bædi á Norrænu og Engilsaxnesku. Kyrkjur í Noregi gerðn fyrst konungar og stórmenni á búum sínum eins og á Englandi. Þær voru allar af viði og í laginu sem stafakyrkjur þær frá 12. öld, sem enn standa í Noregi. Höf, sýnir fram á það með mörgum rökum, að þær kyrkjur hafi verið gerðar með alensku lagi og eigi ekki hótið skilt við hin fornu hof eða það lag, sem á þeim kann að hafa verið, eins og þó áður hafi verið áltið. Höf. segir, að öll hof hafi verið brotin í Noregi og á Íslandi og rannsóknir Sig. Vigfússonar hafa sýnt, að hof og kyrkjur hafi verið mjög svo ólík að gerð. Kyrkjum í Noregi var skift í flokka eftir virðingu og réttindum: Fylkiskyrkjur, heraðskyrkjur og hægindiskyrkjur. Ensku kyrkjunni var og skift eftir sömu reglum, nema þar eru flokkarnir 4. Stærð sóknanna var líka eftir enskri fyrirmynnd og alveg óháð hinni heiðnu hofsóknaskiftingu, þó þær oft eðlilegla hafi fallið saman væði í fylkjum og heruðum. Fylkiskyrkjurnar voru stærstar og fremstar að virðingu, og við þær einar mátti skíra og grafa lengi fram eftir.

PRESTUR. Það orð segir höfundur komið beina leið úr Es., preost og eins er um orðin cleric, canonic (kanoki), prófast, munclif, abbot, munc o. fl., að þau eru komin sömu leið nær óbreytt. Prestar eru kvongaðir í Noregi eins og á Englandi, og hafa þar höldsrétt, sem er sama og þegnréttur á Englandi. Þeir gegna eins í Noregi veraldlegum sýslunum, og á Íslandi hefir klérkur á hendi lögsögu og goðorð. Af tekjum presta er bæði legkaup og líksöngseyrir goldinn bæði í Noregi og á Englandi, en í öðrum kaþólskum löndum var slíkt talið okur. Það var og merkilegt, að ljóstollurinn íslenzki hefir ekki tíðkast í Noregi, en er þó enskur að uppruna og heitir á Es. leoth-gesceot.

Lærdómur klerka var ekki fjölskrúðugur á þeirri tíð. Þeir lærðu söng, það er: allar latínuþulur þær og langlokur, sem embaettisgjörðinni fylgdu, og svo mikil urðu þeir að vita í latínu, að þeir gætu farið rétt með þetta í kyrkjunni, og messudaga alla (ð: rímið) urðu þeir að kunna reiprennandi. Latínubækur urðu þeir og að geta afskrifað.

Saksóknarréttur kyrkjunnar sýnist eftir orðum höf. að hafa verið eins í Noregi og alstaðar annarstaðar. Aðalbrotin móti henni eru: 1. Afguðadýrkun og galdrur. Galdrur er óbótamál bæði í Noregi og á Englandi og miklu verri en afguðadýrkun.— 2. Brot á kyrkjufriði. Reglur um það segir höf. komnar frá Englandi en ekki úr heiðni, sem Maurer hyggi. Enn eru 3. sifjaspell, 4. barnamorð, 5. frillulífi og fjölkvæni, 6. meinsæri, 7. vanhirða að fára barn sitt til skírnar.

Enn álítur höf. skírlurnar: járnburð og ketiltak komnar með kristninni vestan um haf. Maurer telur þær þó engu síður þýzkar og vitnar til Guðrúnarkviðu III. 6 um ketiltakið. Eiðurinn er þar á móti heiðinn. [Járnburður er að bera glóandi járn í hendi sér nokkur skref (líkl. 9). Á Englandi var járnið í pund að þyngd. Ketiltak er að taka stein upp úr katli eða potti með sjóðandi vatni í. Við báðar skírlurnar varð sá sem undir þær gekkst að vinna áður eið að máli sínu, og skírlan varð þá sem dómur drottins, sem sýndi það með jarteini, að eiðurinn væri réttur. Ketiltakið var mest kvennaskrsla]—

Allt þetta, sem nú hefir verið sagt um stjórn norsku kyrkjunnar, er svo líkt því, sem var á Englandi, að höf. efar ekki, að það sé komið þaðan beina leið. Bæði á Englandi og í Noregi er hjónabandið jafngilt, hvort sem prestur kemur þar að eða ekki, en ekki þótti það spilla, að fá blessun hans með öðru góðu. —

KÝRKJUSÍÐIR. Allur þorri hinna norsku kyrkjusiða er likur hinum ensku bæði að nafni og formi, og eins er um alla prestsþjónustu. Nafnið skírn er þó eitt af þeim fáu orðum, sem ekki eru aðfengin. Það er á Es. fulluht eða fullwiht. En síður sá, að klæðast hvítu fyrir og eftir skírnina og nafn klæðnaðarins, hvítavöðir, er líklega úr Engils. og þar af var dregið spésyrðið Hvíta-Kristur, og eins af hinu, að bæði voðin og þó einkum olí-

an, sem smurt var með í skírninni, var á Es. kölluð krismi.— Höf. segir, að mjög almennt hafi verið á Englandi, að skíra úr hráka. Sá síður barst og til Noregs, en var afnuminn með páfaréfi 1206. Fermingin, sem líka kallast biskupan og athöfnin sjálf, var á Es. bisceopian, biscopgan. Þó var tíðara hið þýzka orð, að ferma, sem komið var úr latínu, confirmare. Fermingin var biskups verk, eins og fyr var getið. Skriftir hétu á Es. sciftgangan og að skripta to scrifte, svo enskt lag var á því öllu. Altarissakramentið kölluðu Engilsaxar husel og husl, það varð á norrænu húsl. Síðasta smurning (deyjandi manna) var kölluð ele á Es. eða smyrele en á Norrænu olein eða smurning, og kaleikur hét á Es. calic.

Viðvíkjandi guðsþjónustunni getur höf. þess, að hinar elztu húislestra- eða guðsorðabækur norrænar sé ekki þýddar úr Es., heldur hafi báðar þjóðirnar ausið úr sama latínubrunninum.— Messan hét á Es. þenung, embicht, mæsse, messuklæðin hétu hacel, slop, handlin. Bækur prests hétu: rim (gerim) goðspillbok o. s. frv. Récels, bella (bjalla), scrin, bagall o. fl. eru og nærri eins. Hinar sjö tíðir (Tidsang, tidasingan) hétu á Es. Uh-tid (óttutíð), prom (príma, hinn efri óttusöngur), undorn (undorn, dagnál), middægtid, non, ofentid (aftantíð), nihtsungtid (náttösöngstíð).

Höf. segir, að hér hafi verið fimmdagavikur (fimintir) um Norðurlönd fyrir kristni, svo hinn nýi síður hefir umhverft allri tímaskipun. Mönnum gekk illa að semja sig við þetta í fyrstu, en sektir lagðar við, ef af var brugðið, saamt var ekki tekið hart á því, þó afskektir menn væri „dagvillir“. [Maurer þykir þó ekki víst, að þannig hafi verið tímatalið. Það sést og ljóslega á Ísl. bók, að á Íslandi voru sjö dagar í viku í heiðni, en Tanager telur þann síð kominn með kristnum mönnum vestan um haf.]— Svo var allur messuurmullinn, sem ekki var lítil minnisraun, en þær voru prestar skyldir að boða og senda menn með krossmark á hvern bæ, þar sem rauk af strompi, og eins allar stórhátiðir og föstur. Daganöfnin álítur höf. líka komin úr Es. Þar hét vikan wice og dagarnir: Sunnandæg, Monandæg, Tiwes-dæg, Wodnesdæg, Punresdæg, Frige- eða Frigdæg, Sæter- eða Sætresdæg. Og daganöfnin fornu voru: Sunnudagur, Mánadag-

ur, Týsdagur, Óðinsdagur, Pórsdagur, Freadagur eða Frjádagur og Laugardagur eða Þváttdagur. [Eins og kunnugt er haldast þessi fornu heiti enn meðal allra norrænna og germanskra þjóða Jón Ögmundsson helgi, d. 1121, fékk aumingja Íslendinga til að troða þau undir fótum, og svo gerðu þeir hann helgan fyrir við-vikið].— Missiri var á Es. missere, hlaupár var hléap gear, há-tíð heatíð. Allir messudagar á norrænu eru látnir enda á -messu eins og á Es. (mæsse). Þeir enda allir á Pýzku á tag, getur því ekki verið þaðan komið. Jólin heita á Es. geol og páskar pasce (lat. pascha). Dymbilvikan (vikan fyrir páskana) segja fróðir menn að hafi nafn sitt af því, að þá var láttinn trékólfur í klukk-ur í stað járnkólfs, svo úr drægi klukknahljóðinu. Trékólfur þessi var nefndur „dymbill“ og þykir líklegt, að það sé komið úr Es. dumb-bell (hin dumba bjalla, þögula klukka). [Í skýringum Maurers er þetta: Dymbill er ekki afbökun úr dumb-bell, heldur eðlilega leitt af dumbur, og er ekki kólfur heldur hnyðja, sem klukkur voru barðar með í páskavikunni.]— Á hvítasunnu báru þeir sem skírast áttu skírnarklæði sín hin hvítu, og af því segja menn nafnið komið.

Föstur voru með þeim hætti, sem kunnugt er, að ketneyzla var bönnuð og eins allur strembinn matur. Ekki máttu menn heldur giftast á föstunni eða föstudögum, og tilgangurinn var, að banna alla holdsnautn bæði giftum mönnum og ógiftum, en varð nokkuð óhægt í framkvæmdinni.

Fastað var á hverjum föstudagi, eins og nafnið sýnir og svo alla Langaföstu. Fastan var ströngust 6 vikur næstar fyrir páska, sjöundi vikuna voru hálfar sektir, en 8. og 9. vikuna föstuðu klerkar einir. Svo voru þrír föstudagar fjórum sinnum á ári og kallaðir ymbrudagar (Es. ymbrindæg, Lat. quatember). Á Englandi og í Noregi fasta allir menn eldri en 12 vетra, en eftir páfalögum eldri en 21 árs.

Sumir dagar voru „nónhelgir“ þ. e. helgir frá nóni ðaginn áður, og var þá kvöldið kallað vaka (Es. wæcce). Svo var á undan öllum Máriú- og postulamessum, t. d. Pálsvaka er dagurinn eða kvöldið fyrir Pálmessu.

Petta máttu menn ekki borða: 1. sjálfdaðan fenað (dýr-bitinn eða kæfðan fenað og fiska veidda í net mátti borða í Nor-

egi en ekki á Englandi). 2. Eti svín hræ manna, þá má ekki slátra því fyr en eitt ár er liðið, ella er það óætt. 3. Dýr, sem menn hafa holdlegt samræði við (crimen bestialitatis), skal þegar drepið og er óætt. 4. Allt, sem hundar eða kettir hafa mígjöld í eða mýs drukknað í eða völskur, er óætt, því slíkt er orðið megnasti töfradrykkur. Hrossakjötsát var leyft á Englandi og þó ótítt, en stranglega bannað í Noregi og á Íslandi, og mun hafa verið mest af því, að slíkt kjöt var mest borðað við blótveizlur heiðingja.

Síðast telur höf. nokkur orð í guðsorðamálínu, sem auðsjá-anlega eru komin til vor úr Es., svo sem hæðindom, hæðin, (heiðinn maður), gealga (gálgi, kross Krists), rod (róða, kross), hellawite (helviti) o. fl. Þess ber þó að geta, að mesti fjöldi þessara orða sem eg hefi nefnt hér að framan er kominn úr Latínu, og að eins lítið undið við, en það er gert á sama hátt og í Es., og er því sennilegt, að það sé tekið eftir þeim. Fjöldi orða er og til í báðum tungunum löngu fyrir kristni, en fá kristilega þýðingu t. d. Jól o. fl.

UM HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREHÐSLU **eftir** STEFÁN SIGFÚSSON.

HJÁTRÚIN OG FORNKÝRKJAN.

Hér er þá bundinn endi á það, sem vér höfum að segja um hjátrú og fjölkyngi hjá hinum merkustu þjóðum hins forna síðmenntaða heims. Og á tíma þeim, sem vér nú byrjum með, í dögum kristindómsins, var ástandið þannig, að andi hjátrúar og hindurvitna ríkti of lönd öll meðal alls þorra manna. Menn fengust við fréttaleitun, særingar, máttlaust kukl og gjörninga, voru kúgaðir og niðurbeygdir af friðlausum ótta fyrir illum árum og djöflum, er alstaðar voru og helzt öllu réðu.

Er kristindómurinn kom til sögunnar, breytti hann mjög þessu ásigkomulagi, og í bráð reyndist hann veruleg frelsun frá óttanum og skelfingunni við myrkavöldin—en það varð að eins í bráð. Sem eðlilegt var, náði hann ekki að útrýma hjátrúarhugmyndum heiðninnar með öllu, og svo bættust brátt í það skarð, er hann í fyrstu niðurbraut, aðrar nýar kenningar, sem leiddi sem næst til hins sama og djöflafræði Persa.

Meðal guðfræðinga Gyðinga hafði lengi verið meinigamunur um það, að hve miklu leyti guðir heiðingjanna væri hugarsmíð ein eða virkilegar tilvistaðar verur—illir árar. Að lokum varð þó hin síðartalda skoðun ofan á, og allur sá fjöldi af ókunnugum eða annara þjóða guðanöfnum urðu nöfn jafnmargra djöfla eða illra ára. Aðal höfuðpaurar þessa myrkrahers urðu guðir þeir, er tignaðir voru af hinum voldugri nágrannaþjóðum, er Gyðingar höfðu haft kynni af, svo sem Baal-Sabab Babylónar, er varð nú myrkrahöfðinginn Belzebúb (cf. Esaj. 14. kap., cf. N. T.).—

Pegar á árdegi kristninnar festi kenning þessi rætur meðal kyrkjufeðranna, og skreyttu þeir hana og útfærðu á ýmsa vegu. Þeir kenndu, að guðir heiðingjanna væri illvættir, líkamlegar verur, er byggi í þéttara hluta gafuhvolfsins og þyrfti næringar við, og hana fengi þeir af brennifórnum heiðingjanna. Líkami þeirra álitu þeir vera miklu fínni og efnisléttari en mannanna, og væri þeim því innan handar að taka sér bústað í mönnum, en þar af kom „djöfulæðið“, vera á hverju augnabliki á hvaða helzt stað sem þeir vildi o. s. frv. Starfa þessara heiðnu guða sögðu þeir þann, að fá menn til að afneita hinni sönnu trú, og ginntu þeir menn þannig, með því að svara fréttaleitun þeirra og færa þeim vitranir, er þeir sjálfir fræddust um hjá stjörnunum og skýjunum.

Petta fluttu kyrkjufeðurnir og svo klerkarnir allir eðlilega, og varð það eitt hið máttugasta vopn í höndum þeirra til að fella heiðnina og um leið til að endurreisa hjátrúna í enn þá ferlegri mynd en hún áður var. Origenes, Tertullian, Lactantius og jafnvel Ágústínus gefa það fyllilega í skyn, að öll heiðnin með síðarlærdómi og trúarlærdómi sínum, með öllum sínum göllum og gæðum sé sköpuð af djöflinum, og um hann snúist öll dýrkun hennar og þjónusta.

Strax og fornkyrkjan náði einræðisvaldi um suðurlönd, var fornu heimspekkinni heldur ekki þyrmt. Um margar aldir höfðu þessar heimspekiskenningar blómgast sem skólar, er hver tók við af öðrum, en kyrkjan skildi skjótt, að heimspekin í eðli sínu var eigi af hennar eigin, og fékk henni því af veki komið. Í byrjun 5. aldar skeður sa átakanlegi atburður, að konan Hypatía, ein hin allra síðasta hinna fornu heimspekinga og eins konar háskólakennari í Alexandríu, er myrt á strætunum þar í upphlaupi að undirlagi Cyrillusar biskups, og öld síðar, um 529, lætur keisaralegt valdboð loka öllum grísku skólunum, er kyrkjan auðvitað réri undir með.

Öll trú á illa ára leiðir óhjákvæmilega af sér töfra og fjölkynni og verður hin kristna djöflafræði engin undantekning.— Kyrkjuféðurnir héldu fram, að hinir illu árar hefði vald til þess, að vinna manninum tjón, og umfram allt að fá hann til að falla frá trúnni. Trúin sjálf var ekki einhlít, að vernda menn fyrir þessum árásum, og svo var það líka trúin sjálf, er óbeinlínis olli árásunum, því sigurinn var ekki nema hálfur, ef að það var ekki kristin sál sem féll. Til varnar þessum árásum þurfti kröftugar verjur, og hlaut kyrkjan sjálf að leggja vopnin til handa sínum trúuðu, og í þessu augnamiði varð þá smám saman öll hin gamla forboðna fjölkynni tekin upp.

Í stað hinna gömlu töfraformúla og galdrastafa kom þá að sjálfsögðu ritningartilvitnanir. Sú trú var þegar fyrir nokkru komin inn hjá sjálfum æðstu prestum kyrkjunnar, að viss undrakraftur feldist í vissum bíblíuorðum, er töfrafullar verkanir hefði á allt árakyns. Jesú nafn og krossmarkið var eðlilega með því æðsta. Kyrkjufaðirinn Athanasíus, er kallaður var hinn helgi og nafnkunnur varð af deilum sínum við Arfus, er neitaði trú á þrenningarlærðóminn, hefir þessu efni viðvíkjandi þessi orð: „Sá, er vill sannfærast um þetta, þarf að eins, mitt innan um gjörninga djöflanna, tál goðasvaranna og furðuverk töframeistará Anna, að gjöra merki hins helga kross eða nefna Jesú nafn, þá mun hann þegar í stað sjá djöfulinn flýja; véfréttin þagnar og allur galdur, seiður og gjörningar staðna.“— Sama mátt og krossmarkið hafði það, að stökkva fyrir sér nývígðu vatni. Var það afar kröftugt eyðingarlyf á alla óhæfu.

Pá höfðu menn og verndar-blæti.* Sá, sem átti í fórum sínum eitt „Agnus Dei“ = guðslamb,** honum var óhætt móti flestu því, er einum manni mátti að meini verða. Slík „guðslömb“ fengu eigi aðrir en hinir æðstu kyrkjunnar menn úr garði gjört, og voru þau venjulegast steypt úr vaxi, smurð því næst og mögnuð helgum dóumum, og álitin í engu kraftminni en sjálft Krists blóð.

Verndargripir kyrkjunnar urðu óteljandi. Til þeirra var aflað allskyns helgum menjum dýrðlinga og píslarvotta. Einatt voru smáhlutir þesskyns búinir hrингum, nistum eða öðru skrauti er menn þá hengdu alla vega á sig. Oft gengu menn með þessa helgu dóma í hátfölegum göngum umhverfis akra eða bithaga og prestar þuldu jafnframt blessun sína yfir þeim. Eins og sjá má var flest þetta leifar frá heiðninni og að eins stælingar. Jafnvel bjúgstafur, „bagall“, rómversku biskupanna var ekki annað en hinn forni „Lituus“—, embættiseinkenni fuglaspámannanna í Rómaborg.

Hörmulegast koma hinir kristilegu töfrar fram á umráðasviði læknisfræðinnar. Frá ca. 400 f. tt. v. hafði læknisfræðin verið stunduð á mjög skynsamlega vísu, studd við þekkingu á sjúkdóum og meðferð þeirra samkvæmt því. Þen nú kom stórkostleg afturför í þetta, er sú skoðun manna smásaman ruddi sér til rúms, að allar sóttir væri verkanir illra ára, og voru menn þá aftur komnir inn á brautir Kaldea. Svo fóru og læknislyfin og ráðin eftir skoðaninni á orsökum sjúkdómannna. Læknisdómarnir urðu samkvæmt því smurningar olífa, handauppálagningar, stökkvan vígðs vatns, viðlegging dýrðlingabeina, trúarþulur, bænir og særingar. Það er auðsætt með slíku, að litlu munaði við aðferð siðlausra villimanna, því hjá hvorum tveggja var öll lækningaþrótt gjörsamlega útilokuð.

* cf. „Ikon“ Rússa þann dag í dag.

** Um miðaldirnar var það ein arðsamasta verslunarvara páfa, að leggja til ullina á „guðslömbin“, er öll var tekin af fé því er hann sjálfur átti og setið var á páfajörðunum skammt frá Rómaborg. Sú ull var sögð hvítari en önnur ull og sú eina, er notuð yrði til heilagra dóma.

Pá voru og hinar fornu spásagnalistir teknar upp. Þetta var nú svo að segja í kyrkjunnar anda, þar sem bíblían er full spádóma og fréttaleitana. Sú þjóðsaga myndaðist líka, að sær-ingalistin sjálf ætti upphaf sitt að rekja til Salómons konungs, og var Josephus sagnaritari borinn fyrir því, að hann segir á sínum stað, að „Jehova hafi gætt Salómon valdi til þess með hátið-legum særingum að friða guðómminn“, enda er „Salómons inn-sigli“ alkunnugt.

Kaþólska kyrkjan hafði þá, eins og þegar er ávikið, eigi að eins fyrirdæmt hina fornu heiðni og vísað henni á bekk með tröllskap og fjandakrafti, heldur hafði hún sjálf tekið upp ýmis-legt af þessu og fengið því kristilegar myndir og yfirlit. Og er hún flutti boðskap sinn fleiri og fleiri þjóðum, varð það æ meira og meira, er hún tók yfir um úr trúarbrögðum þeim, sem hún átti í höggi við.

Þótt við nýrri trú sé tekið, verða hinar eldri trúarhugmynd-ir aldrei aldaða hjá neinni þjóð, heldur ummyndast þær og lifa svo í nýrri mynd innan hins nýja siðar, enda kom þetta mjög í ljós yfir miðaldirnar, er kristnin var gengin í garð um Vestur-og Norðurlönd.

HJÁTRÚ Á MIÐÖLDUNUM.

Pess hefir þegar verið getið, að fornkyrkjan innlimaði ýmsar venjur og töfrasiði í kenningakerfi sitt, heimilaði trú á illvætti og ára o. s. frv. Nokkrir af siðum þessum urðu næsta þýðing-armiklir fyrir eftirkomandi tíma, og mætti helzt tilnefna ýmsar dómsathafnir, er náðu miklum metum. Pannig komu upp hinir einkennilegu „guðsdómar“ miðaldanna eða „skírslur“.

Einna almennast af þessu tagi var „járnburðurinn“—án efa eldgamall heiðinn siður. Á miðoldunum varð altítt að nota ráð þetta, að bera glóandi járn til þess, að færa sig undan þungu á-mæli eða sökum, t. d. að hafa valdið húsbruna og manna, haft í frammi galdur o. s. frv. Var það kallað, að láta skírslu fram fara, og var venjulega fastað til skýrslunnar (sbr. skýrslu þá, er Grettir Ásmundarson ætlaði að gjöra með leyfi Ólafs konungs Haraldssonar, en vannst eigi til sökum þess, að hann var „miklu meiri óhappamaður en svá“). Sá, er til skírslu gekk, varð að

bera glóandi járn venjulegast 3 skref, og var það til merkis um sakleysi hans, að hann væri óskemmdur að 3 dögum liðnum.— Engin skírsla fór svo fram, að ekki væri þar klérkur við —alskrýddur, er stökkti vígðu vatni á járnið, og tónaði vers úr ritningunni, meðan á athöfninni stóð. Að lokinni skírslu batt hann svo um hönd þess, er járnið bar, og á sínum tíma tilkynnti dóminn. Í þessu efni er augsjáanlega ætlast til, að guðdómurinn taki beinlínis fram í til sönnunar sakleysi mannsins.

Sama er um einvígið eða hólmgöngurnar, er um alla heiðni tíðkaðist til að skera úr þrætum. Um miðaldirnar er þessum síð haldið meðal riddara og aðalsmanna, —burtreiðar, en sá var orðinn skilningsmunur á, að menn hugðu, að guð dæmdi þeim sigurinn í atlögunni, er réttinn hefði sín megin, hversu sem munurinn væri milli þeirra, er með sér reyndu.

Pá var og vatnsraunin ein tegund guðsdóma, alltið í öllum galdramálum. Sögn sú gekk um Kelta er bjuggu við Rín, að þeir hefði tíðkað að setja nýfætt barn nakið á skjöld á ána, til þess að komast fyrir, hvort það væri skilgetið eða óskilgetið. Flyti það, var allt með felldu, en sykki það, var móðurinni refs- að. En nokkuð önnur varð útþýðing þessarar skírslu og aðferð við hana í galdramálum. Sú eða sá, er ákærður var, var bundinn í kross saman á höndum og fótum, hægri handar þumalfingur við vinstri fótar þumaltá o. s. frv., og því næst fleygt í vígt vatn. Sá, er þá sökk, var dæmdur sýkn allra saka.

Mjög tíðkanleg var drykkjarraunin, og í ýmsum myndum. Til hennar var notað ýmist eiturvöki eða sterkt áfengi. Drykkurinn var álitinn sálgæddur. Þegar hinn ákærði svo tæmdi bikarinn, gekk sál eða guð drykkjarins inn í hann, fór um hann allan, og „rannsakaði hjörtun og nýrun.“ Sé hinn ákærði saklaus, verður honum ekkert meint við, en kastar þá að eins upp anda drykkjarins. En verði honum meint af drykknunum, er hann dæmdur sekur sakar.*

* Drykkjarraunin var á stundum framborin í altarissakramentinu. Þannig, þegar Aríusi villutrúarmanni var skriftað af biskupi Miklagarðs og honum borð eitur í kaleiknum, er varð honum að bana, var það talinn refsídomur guðs á vantrú Aríusar og vottur um guðdómleik þrenningarkenningarinnar, er Aríus var mjög vantrúaður á.— Ritstj.

Mörg röm hjátrú og hindurvitni var um þessar mundir fleiri meðal manna. Og eftir því sem fram liðu stundir, fór brátt að bera á sterkri trú á galdrar og gjörninga. Ofan á það bættist þekkingarleysi og ofstæki óæðri stéttar rómverska klerkalýðsins og undirgefni og þrælsótti lýðsins við ofurvald kyrkjunnar.— Kristnin hafði um nokkrar aldir verið að breiðast út um Norðurálfuna, en jafnframt tekið ýmsum breytingum. Af þessu leiddi, að þegar loks heiðninni var algjörlega byggt út, varð ágreiningur innan kyrkjunnar sjálfrar um kennigar og siði, er menn greindi um. Út af því risu margvíslegar trúarbragðaofsóknir að páfa boði. Sértrúarflokkarnir eða Herætíkarnir voru ofssóttir á allan hátt og fundið margt og misjafnt til saka. Aðal sakargiftin var þó vanalegast sú, að þeir tilbæði djöfulinn í stað guðs. — Af þessu orsókuðust svo brennur, kvíksetningar og ýmsar pindingar, er algengar urðu á þessu tímabili, en náðu þó fyrst veg og gengi eftir að „Rannsóknarrétturinn“ var stofnaður skömmu eftir árið 1200 af Innocentius páfa hinum þriðja. Þá fóru og fræðimenn 13. aldarinnar að kenna, að til væri galdur og seiður og fjölkyngi. Má þar tilnefna Tómas frá Aquino, er síðar var tekinn upp í dýrðlingatölu kaþólsku kyrkjunnar fyrir lærðom sinn og fræði kyrkjunni til eflingar, Albertus Magnus, Roger Bacon og Arnold frá Villanova.

(Niðurlag næst).

Hið þriðja þing Unitara

VAR haldið að Gimli Man., eins og áður hafði verið auglýst í blöðunum. Þingsetningardagurinn var 2. apríl, en fulltrúar og gestir úr hinum ýmsu byggðarlögum voru allir mættir deginum áður. Enda hafði verið efnt til samkomu þann dag af Gimlisöfnuði, til að bjóða aðkomumenn velkomna o. s. frv.

Pá um kvöldið var samkoma sú sett af forseta Gimlisafn-áðar, herra Alb. E. Kristjánssyni, og var mesti fjöldi að boðinu bæði utan safnaðar og innan, þar af staðnum, auk hinna aðkomnu þingmanna. Veizlan var haldin í samkomuhúsi Gimli-

prentfélagsins; voru tvö borð sett eftir endilöngum salnum, sátu heimamenn við annað en gestir við hitt. Er menn höfðu snætt lyst sína, voru ræður fluttar og samsætinu ekki lokið fyr en eftir miðnætti. Flest af því, sem talað var, gekk út á að lýsa starfsemi frjálstrúarhreyfingarinnar hér meðal Íslendinga, og hver árangurinn hafi orðið af því verki. Mörgum sagðist þar vel, en þó virtist áhugi manna ná sínu hæsta stigi, er herra Skafti Brynjólfsson reis úr sæti og flutti langt erindi og snjallt um fyrstu upptök þeirrar hreyfingar, er byrjaði í Dakota meðal Íslendinga þar nú fyrir rúnum 20 árum síðan. Hann benti á margt í þeirri viðureign, er lútherskir notuðu sem vopn á frjálstrúarmenn í þá daga og meðal annars, að þeir væri að eins „ómenntaðir bændur“, og bæri því að hafa hægt um sig. Margt fleira var og notað í þá daga, er ótvíraðlega sannaði, að sitt var hvað, presturinn prédikandi eða presturinn húsvitjandi, sem ekki er liðið úr minni þess, er þetta ritar, né sumra fleiri, er þá kynntust „blessunarríku starfseminni“. — Hið annað, sem sérstaklega gjörði samsæti þetta ánægjulegt, var vinagjöf, sem síra M. J. Skaftasyni var afhent, rétt þegar veizlugleðin stóð sem hæst. Herra Jóhannes Sigurðsson kaupmaður frá Selkirk flutti honum mjög vingjarnlegt ávarp frá íslenzkum Unitórum í Canada og afhenti honum fyrir þeirra hönd gullúr með nafni hans og vinaróskum ágreypum. Úrinu fylgdi festi og nisti, og mun allt hafa kostað hátt á annað hundrað dollara. Það var í alla staði makleg viðurkenning á starfi síra Magn. J. Skaftasonar, því hversu stórt stryk sem reynt er að draga yfir það, þegar verið er að segja frá fyrri árum vor Íslendinga hér í landi, þá verða þó ætíð verkin vissasti votturinn, að það hafa ekki allir hlýtt boði kallaðans, — „beygið knén“ — né fest trúnað á það, að Jóseph væri settur yfir allt Egyptó. — Í samsæti þessu flutti Björn Halldórsson ræðu, er öllum gæzt að hið bezta, og brýndi hann fyrir „yngri mönnunum“, að sýna af sér dáð og drengskap. Auk þeirra, er þegar eru nefndir, töluluðu þar: Einar Ólafsson, Aðalst. Kristjánsson, Þórður Kr. Kristjánsson, B. Lyngholt, S. B. Benediktsson, J. P. Sólmundsson, Jón Stefánsson, B. B. Ólson og fleiri, og sagðist þeim öllum vel að vanda.

Með þessu vinamóti var svo hið þriðja þing Unitara sett.

Pingsetningin fór fram á venjulegan hátt, og því næst var herra Bjarni Lyngbrot kosinn skrifari þingsins. Voru þá lesnar skýrslur forseta og útbreiðslustjóra yfir starfsemi félagsins á síðastliðnu ári og meðal annars minnst á kyrkjubýggingar safnaðanna á Gimli og í Winnipeg, einnig þess, að á síðastliðnu hausti hefði einn vorra efnilegstu manna farið austur til Meadville að nema þar guðfræði við prestaskóla Unitara í Bandaríkjunum.— Yfirleitt hafði unitariskum málum skilað áfram á árinu bæði utan og innan hinna organiseruðu safnaða, svo að hin unitariska hreyfing hafði aldrei staðið jafn sterkum fótum sem einnitt nú meðal Íslendinga.

Að loknum þingsetningarstörfum flutti síra Magn. J. Skaftason fyrirlestur um frjálstrúrarbaráttuna meðal Íslendinga hér vestra, með fyrirsögnum: „Á hverju ströndum vér“. Eins og fyrirsögnum ber með sér, gekk fyrirlesturinn út á, að sýna vegna hvers skynsamlegar trúarskoðanir mætti ýmist daufum undirtektum eða ákveðinni mótsprynu meðal fjölda Íslendinga. Það væri ýmist vegna óvanans að hugsa út í þau mál, er lengra tæki en daglegu störfin, eða þá fyrir þeim, sem eitthvað hugsuðu, að hugsa öðru vísi en heima og í hljóði. Uppeldi Íslenzku þjóðarinnar hefði verið þannig varið til skamms tíma, að menn hefði farið leynilegar með skoðanir sínar en landráðasakir og glæpamál, og forðast í nokkru að láta þær hafa hin minnstu áhrif á daglega framkomu og breytni. Svo væri mörgum hinum yngri farið að lærast að „sannfærast upp á ensku“. — Fyrirlesturinn var skarpur og skorinorður og einarðlega fluttur, og vel getur oss hugsast, að hafi nokkur þeirra þar verið viðstaddir, er svikist hefir undan framfaramerkjunum, að sá hinn sami hafi staðið rjóðari upp undan þeirri ræðu, en þá hann settist niður. Sumir þurfa minna en að heyra sannleikann, ef— með því að dýfa bitanum í fatið— Satan fer í þá.

Eitt mætti þó ef til vill athuga við fyrirlestur þenna, en það var, að helzt til mikið var úr því gjört, hvað líkurnar væri litlar fyrir því, að drengskapartilfinningin ykist svo almennt, að menn færi að þora og vilja koma fram eins og ærlegir og hreinskilmenn. Fyrir því eru stórar lískur. Það eitt er samkvæmt framþróunarlögmálinu. Og á því byggist von og framtíð unit. trúar.

Með því að áliðið var orðið, þegar fyrirlesturinn var úti, urðu engar umræður um hann, en strax gengið til miðagsverðar, og um kl. 2 e. h. í fundarsal aftur til messu, er Rögnv. Pétursson flutti þar þá. Að aflokinni messugjörðinni var þingstörfum haldið áfram til kvelds. Á þessum öðrum fundi þingsins voru yfirlarin kjörbréf þingmanna, nefndir settar, til að ihuga útbreiðslumál félagsins, útgáfumál o. s. frv. Í útbreiðslunefndina voru skipaðir þeir síra Magn. J. Skaftason, Skafthi B. Brynjólfsson og Jóhannes Sigurðsson.— Þá skilaði af sér blaðanefnd sú, er sett var á síðastliðnu þingi, og gjörði grein fyrir starfi sínu.

Þá um kveldið kl. rúmlega 8 var haldinn trúmálaufundur og var forseti fundarins kosinn Björn Halldórsson. Umræðuefnid: „Hver er að verða árangurinn af vestur-íslenzkri trúarbragða-starfsemi?“ var lesið upp, og skýrði forseti frá, að öllum væri þar heimilt að taka til máls, hverra skoðana sem væri. Síra J. P. Sólmundsson innleiddi umræðurnar með gagnorðri ræðu. — Margir tóku þátt í umræðunum ettir á, og var komið nær miðnætti, þá fundi var slitið.

Mánudags morguninn voru fundarstörf hafin á ný. Frumvarp útbreiðslu nefndarinnar lá þá fyrir, og var það samþykkt. Ein tillaga þess var svo hljóðandi: „Að félagið hvetti og gjörði það sem í þess valdi stæði til, að koma þeim mönnum til guðfræðisnáms við Meadville prestaskólann, er gefa vildi kost á sér og það álitil líklega að verða féluginu til gagns og sóma.“ Fjármál félagsins voru þar næst rædd og samskota leitað á þinginu, og höfðust þar saman rúmir \$30. Einnig var sunnudagsskólamálið rætt og sett í það fastanefnd fyrir næstkv. ár. — Fleiri mál voru þar til umræðu, en hér verður sakir rúmleysis að sleppa að geta þeirra. Þessir voru kosnir embættismenn: Forseti síra M. J. Skaftason, varaf. Hon. S. B. Brynjólfsson, útbreiðslustjóri Einar Ólafsson, féhirðir Fred. Swanson, skrifari Þorb. Þorvaldsson, varaskr. Aðalst. Kristjánsson. Meðráðendur: Sig. Sigurbj. son, Alb. E. Kristjánsson, Magn. Péturson. Samþ. að næsta þing skyldi haldið í Winnipeg. Var svo þingi slitið.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sínum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave. Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Ritstjóri síra Rögnvoldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.